

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 24. júní 2025 eftirfarandi:

Víðiholt – veggir, girðingar og smáhýsi - óveruleg deiliskipulagsbreyting Víðiholts.

Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að setja skjólvegg allt að 1,8 m háan á milli lóða eða út frá horni endahúsa, allt að 4,4 m frá byggingarreit. Heimilt er að skerma lóðina af með gróðri eða girðingu allt að 1,5 m hári. Ef girðing á lóðarmörkum er höfð hærri en 1,2 m skal koma fyrir uppbotum í vegg með gróðurhólfum. Heimilt er að setja upp eitt smáhýsi á hverja rað- og parhúsaloð, allt að 5 m² að stærð. Að öðru leyti gilda ákvæði byggingarreglugerðar um fjarlægð smáhýsa frá lóðarmörkum og hámarkshæð smáhýsa.

Vetrarmýri – deiliskipulagsbreyting.

Tillagan gerir ráð fyrir ýmsum breytingum á lóðum, knattspyrnuleikvangi, bílakjöllurum og byggingarreitum. Hámarkshæð breytist ekki.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 19. ágúst 2025 eftirfarandi:

Langalína 8 leikskóli - óveruleg deiliskipulagsbreyting Ása og Grunda.

Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að nýta skólalóðina innan byggingarreits sem stæði fyrir færanlegar kennslustofur og önnur nauðsynleg rými fyrir grunnskólastarfsemi eða leikskólastarfsemi til bráðabirgða enda uppfylli þær kröfur byggingarreglugerðar um brunavarnir. Að öðru leyti gilda áður útgefnir skilmálar.

Þorraholt 9 og 15 - óveruleg deiliskipulagsbreyting Hnoðraholts.

Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um eina á hvorri lóð, eða tvær íbúðir alls.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 4. september 2025 eftirfarandi:

Hnoðraholt norður – Þorraholt 2-4 – deiliskipulagsbreyting.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarkshæð byggingarreits verslunar- og þjónustulóðarinnar Þorraholt 2-4 hækki um 38 cm úr 78 m.y.s. í 78,38 m.y.s.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 4. september 2025.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 10. september 2025